



# Ársfundur 2021
# 15. apríl

GILDI

# Dagskrá ársfundar

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu
4. Tillögur til breytinga á samþykktum
5. Starfskjarastefna - til staðfestingar
6. Kosning/skipan stjórnar
7. Ákvörðun launa stjórnarmanna
8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna
9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis
10. Önnur mál

# Fyrirkomulag fundar




Fyrirspurnir og athugasemdir

# Fyrirkomulag fundar




Kosningar (aðeins fyrir fulltrúa í fulltrúaráði)

# Fyrirkomulag fundar




Skjöl fundarins

# Skýrsla stjórnar

Stefán Ólafsson, formaður

GILDI

# Kynning ársreiknings

Árni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

GILDI

# Kynning ársreiknings

Allar deildir





# Breyting á hreinni eign




*Þar með talið 2,0 milljarða kr. örorkuframlag úr ríkissjóði

*Upphæðir í milljörðum króna*





# **Iðgjöld** *heildargreiðslur*

## 2020 — 32.079 milljónir kr.

| | |
|---|---|
| Samtryggingardeild* | 31.617 m.kr. |
| Séreignardeild | 316 m.kr. |
| Tilgreind séreignardeild | 146 m.kr. |

**Þar af framlag til jöfnunar örorkubyrði* — *1.997 m.kr.*

## 2019 — 32.156 milljónir kr.





# Lífeyrir *(bls. 103)*

## 2020 — 19.269 milljónir kr.

| | |
|---|---|
| Ellilífeyrir | 12.257 m.kr. |
| Örorkulífeyrir | 5.695 m.kr. |
| Makalífeyrir | 1.006 m.kr. |
| Barnalífeyrir | 173 m.kr. |
| Sérstök útgreiðsla v. Covid-19 | 137 m.kr |

## 2019 — 17.716 milljónir kr.





# Fjárfestingartekjur *(bls. 78)*

| 2020 | 91.501 milljónir kr. |
|---|---|
| Tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum | 68.326 m.kr. |
| Tekjur af skuldabréfum | 22.045 m.kr. |
| Tekjur af afleiðusamningum | 281 m.kr. |
| Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum | 45 m.kr. |
| Vaxtatekjur af handbæru fé | 684 m.kr. |
| Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum | 176 m.kr. |
| Fjárfestingargjöld | (57 m.kr.) |

| 2019 | 86.553 milljónir kr. |
|---|---|





# Fjárfestingargjöld *(bls. 106-107)*

Hluti af eignum Gildis samanstendur af ýmis konar sjóðum, bæði skráðum og óskráðum innanlands og utan. Samtals eign í sjóðum er 268 ma.kr. eða um 35% af 764 ma.kr. hreinni eign sjóðsins í árslok 2020.

Um er að ræða erlenda skráða hlutabréfa- og skuldabréfasjóði, erlenda framtaks- og fasteignasjóði og innlenda framtakssjóði.

Reiknuð fjárfestingargjöld vegna þessara sjóða ráðast af fjölmörgum þáttum, m.a. af:

- stærð undirliggjandi eignasafns,
- útistandandi áskriftarloforðum,
- árangurstengdum greiðslum,
- hlutfalli virkra og hlutlausra (vísitölu) sjóða,
- samningum um sérstaka afslætti.

## Fjárfestingargjöld vegna sjóða







# Kostnaður *(bls. 108)*

| | |
|---|---|
| **2020** | **1.056 milljónir kr.** |
| Laun og launatengd gjöld | 665 m.kr. |
| Tölvu- og hugbúnaður (rekstur tölvukerfa) | 213 m.kr. |
| Húsnæðiskostnaður | 34 m.kr. |
| Útsending yfirlita og lífeyristilkynninga | 34 m.kr. |
| Fjármálaeftirlitið - árgjald | 30 m.kr. |
| Annað | 80 m.kr. |
| **2019** | **937 milljónir kr.** |





# Hrein eign í árslok *(bls. 82 - 83)*

**2020** **764.133 milljónir kr.**

| | |
|---|---|
| Samtryggingardeild | 757.626 m.kr. |
| Séreignardeild | 6.090 m.kr. |
| Tilgreind séreignardeild | 417 m.kr. |

**2019** **661.071 milljón kr.**

# Kynning ársreiknings

Verðbréfamarkaðir

# Innlendir markaðir *(bls. 11)*

**3,6%**
verðbólga á árinu

**0,75%**
stýrivextir í árslok





# Innlendir markaðir *(bls. 11)*

## Þróun innlendra skuldabréfa




*Heimild: Nasdaq Iceland*





# Innlendir markaðir *(bls. 11 - 12)*

## Ávöxtun skráðra hlutabréfa, arðsleiðrétt




*Heimild: Nasdaq Iceland*





# Erlendir markaðir og gjaldmiðlar

*(bls. 13 - 14)*

## Verðbreyting erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni

**+5,0%**
Bandaríkjadalur

**+14,9%**
Evra





# Erlendir markaðir og gjaldmiðlar

*(bls. 13 - 14)*

## Þróun heimsvísitölu skuldabréfa




*Heimild: Bloomberg og Seðlabanki Íslands*





# Erlendir markaðir og gjaldmiðlar
*(bls. 13 - 14)*

## Þróun heimsvísitölu hlutabréfa




*Heimild: Bloomberg og Seðlabanki Íslands*





# Kynning ársreiknings

Samtryggingardeild





# Samtryggingardeild - yfirlit

## Breyting á hreinni eign




## Ávöxtun




**Þar með talið 2,0 milljarða kr. örorkuframlag úr ríkissjóði*

*Fjárhæðir í milljörðum króna*





# **Sjóðfélagar og launagreiðendur** *(bls. 18 - 19)*

| | |
|---|---|
| Fjöldi sem á réttindi hjá Gildi: | 246.054 |
| Fjöldi greiðandi sjóðfélaga: | 51.882 |
| Karlar: | 57% |
| Konur: | 43% |
| Þjóðerni: | 141 |
| Fjöldi launagreiðenda: | 6.419 |





# Fjöldi lífeyrisþega *(bls. 20)*

**2020** **25.667**

| | |
|---|---|
| Ellilífeyrisþegar | 15.907 |
| Örorkulífeyrisþegar | 6.582 |
| Makalífeyrisþegar | 2.060 |
| Barnalífeyrisþegar | 1.118 |

**2019** **24.550**





# Lífeyrisgreiðslur *(bls. 20)*

**2020 — 18.998 milljónir kr.**

| | |
|---|---|
| Ellilífeyrir | 12.129 m.kr. |
| Örorkulífeyrir | 5.693 m.kr. |
| Makalífeyrir | 1.003 m.kr. |
| Barnalífeyrir | 173 m.kr. |

**2019 — 17.561 milljónir kr.**





# Fjöldi nýrra sjóðfélagalána *(bls. 21)*







# Fjárhæð nýrra sjóðfélagalána *(bls. 21)*




*Fjárhæðir í milljörðum króna*



# Útlán á móti uppgreiðslu lána *(bls. 21)*




*Í milljörðum króna*





# Hrein nafnávöxtun *(bls. 22 – 24)*





# Hrein raunávöxtun *(bls. 22 – 24)*

(bls. 22 – 24)










# Nafnávöxtun eignaflokka *(bls. 22 – 24)*







# Fjárfestingar á árinu *(bls. 24 - 25)*




*Fjárhæðir í milljörðum króna*





# Hrein eign í árslok *(bls. 82 - 83)*

| | |
|---|---|
| **2020** | **764.133 milljónir kr.** |

| | |
|---|---|
| Samtryggingardeild | 757.626 m.kr. |
| Séreignardeild | 6.090 m.kr. |
| Tilgreind séreignardeild | 417 m.kr. |

| | |
|---|---|
| **2019** | **661.071 milljónir kr.** |





# Eignasafn 31. desember 2020 *(bls. 26)*







# Skráð innlent hlutabréfasafn

*Hagnaður og tap á árinu 2020*




*Fjárhæðir í milljónum króna*





# Skráð innlent hlutabréfasafn

## *Staðan í árslok 2020*




*Fjárhæðir í milljörðum króna*





# Skuldabréf, önnur en ríkisskuldabréf

## *Sundurliðun niður á útgefendur*

| Skuldabréf sveitarfélaga | 31.12.2020 |
|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga | 6.225 |
| Félagsbústaðir hf. | 1.799 |
| Orkuveita Reykjavíkur | 1.662 |
| Kópavogur | 1.523 |
| Akureyri | 1.340 |
| Reykjavík | 768 |
| Mosfellsbær | 580 |
| Garðabær | 537 |
| Annað | 57 |
| **Samtals** | **14.491** |

| Skuldabréf banka | 31.12.2020 |
|---|---|
| Arion banki hf. | 23.076 |
| Landsbankinn hf. | 14.321 |
| Íslandsbanki hf. | 12.746 |
| Kvika banki hf. | 142 |
| **Samtals** | **50.285** |

| Skuldabréf fyrirtækja | 31.12.2020 |
|---|---|
| Reitir hf. | 14.111 |
| Eik hf. | 8.689 |
| Reginn hf. | 5.643 |
| Rarik ohf. | 3.801 |
| FÍ Fasteignafélag | 1.242 |
| Alda Credit fund II slhf. | 1.236 |
| Alda Credit fund slhf. | 1.107 |
| Hagar hf. | 971 |
| Íslandshótel hf. | 869 |
| HS Veitur hf. | 716 |
| Veðskuldabréfasjóður Virð. | 358 |
| Landsnet hf . | 340 |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV. | 181 |
| Norðurorka hf. | 61 |
| **Samtals** | **39.326** |

| Veðskuldabréf fyrirtækja | 31.12.2020 |
|---|---|
| Korputorg ehf. | 2.149 |
| Naustavör ehf. | 839 |
| Eir hjúkrunarheimili | 547 |
| Hrafnista Laugar | 263 |
| BB29 ehf. | 231 |
| Annað | 122 |
| **Samtals** | **4.151** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*





# Niðurfærslur veðlána *(bls. 114)*

Sjóðfélagalán og veðlán til fyrirtækja eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Ekki er um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til þess að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast í framtíðinni.

Bókfærð varúðarniðurfærsla sjóðfélagalána nam 0,5% af stöðu þeirra í árslok. Sams konar niðurfærsla annarra veðlána nam 1,0%.

**Niðurfærsla veðlána:**

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | -619 | -496 |
| Afskrifað tapað á árinu | 3 | 2 |
| Breyting á niðurfærslu á árinu | 289 | 125 |
| | -327 | -619 |

*Fjárhæðir í milljónum króna*





# Afleiður (áskriftarréttindi) *(bls. 115)*

Við kaup Gildis á hlutafé í hlutafjárútboði Icelandair um miðjan september 2020 fékk sjóðurinn afhent áskriftarréttindi, án þess að sérstök greiðsla kæmi þar á móti.

Áskriftarréttindi þessi eru skráð á markað og nam virði þeirra tæpum 280 m. kr. í tilfelli samtryggingardeildar við lok árs 2020.

Áskriftarréttindin eru nýtanleg þrisvar, fyrst í ágúst á þessu ári og svo í tvö skipti til viðbótar á því næsta.

# Kynning ársreiknings

Séreignardeildir







# Framtíðarsýn 1 *(bls. 45 – 47)*

## Ávöxtun




| | |
|---|---|
| Hrein eign í ársbyrjun 2020 | 2.377 |
| Hrein eign í árslok 2020 | **2.712** |
| Breyting á hreinni eign | **335** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*





# Framtíðarsýn 1 *(bls. 45 – 47)*

## Fjárfestingarstefna

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) 31.12.2020 | Eignir (%) 31.12.2020 | Stefna 2021 | Heimiluð frávik Lágmark | Heimiluð frávik Hámark |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldabréf** | **1.587,9** | **58,7%** | **65,0%** | **55,0%** | **75,0%** |
| Innlán | 40,5 | 1,5% | 1,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 754,4 | 27,9% | 27,0% | 15,0% | 65,0% |
| Skuldabréf banka | 349,3 | 12,9% | 15,0% | 0,0% | 26,0% |
| Veðskuldabréf | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 79,4 | 2,9% | 3,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 242,5 | 9,0% | 14,0% | 0,0% | 23,0% |
| Erlendir skammtímasjóðir | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Erlend skuldabréf | 121,9 | 4,5% | 5,0% | 0,0% | 15,0% |
| **Hlutabréf** | **1.117,6** | **41,3%** | **35,0%** | **25,0%** | **45,0%** |
| Innlend hlutabréf | 503,5 | 18,6% | 14,0% | 0,0% | 25,0% |
| Erlend hlutabréf | 614,1 | 22,7% | 21,0% | 10,0% | 40,0% |
| **Samtals** | **2.705,5** | **100%** | **100%** | | |





# Framtíðarsýn 2 *(bls. 48 – 50)*

## Ávöxtun




| | |
|---|---|
| Hrein eign í árrsbyrjun 2020 | 2.335 |
| Hrein eign í árslok 2020 | **2.672** |
| Breyting á hreinni eign | **337** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*





# Framtíðarsýn 2 *(bls. 48 – 50)*

## Fjárfestingarstefna

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) 31.12.2020 | Eignir (%) 31.12.2020 | Stefna 2021 | Heimiluð frávik Lágmark | Heimiluð frávik Hámark |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldabréf og innlán** | **2.004,5** | **75,3%** | **80,0%** | **70,0%** | **90,0%** |
| Innlán | 86,5 | 3,3% | 1,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 933,5 | 35,1% | 34,0% | 25,0% | 80,0% |
| Skuldabréf banka | 431,6 | 16,2% | 18,0% | 0,0% | 28,0% |
| Veðskuldabréf | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 98,0 | 3,7% | 4,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 302,7 | 11,4% | 17,0% | 0,0% | 26,0% |
| Erlendir skammtímasjóðir | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Erlend skuldabréf | 152,1 | 5,7% | 6,0% | 0,0% | 15,0% |
| **Hlutabréf** | **656,4** | **24,7%** | **20,0%** | **10,0%** | **30,0%** |
| Innlend hlutabréf | 302,5 | 11,4% | 8,0% | 0,0% | 20,0% |
| Erlend hlutabréf | 353,9 | 13,3% | 12,0% | 5,0% | 25,0% |
| **Samtals** | **2.661,0** | **100%** | **100%** | | |





# Framtíðarsýn 3 *(bls. 50)*

## Ávöxtun




| | |
|---|---|
| Hrein eign í ársbyrjun 2020 | 974 |
| Hrein eign í árslok 2020 | **1.124** |
| Breyting á hreinni eign | **150** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*





# Framtíðarsýn 3 *(bls. 50)*

## Fjárfestingarstefna

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) | Eignir (%) | Stefna | Heimiluð frávik | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2020 | 31.12.2020 | 2021 | Lágmark | Hámark |
| Verðtryggð innlán | 1.111,5 | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Samtals | 1.111,5 | 100,0% | 100,0% | | |

# Tryggingafræðileg úttekt, fjárfestingarstefna og hluthafastefna

Árni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

GILDI

# Tryggingafræðileg úttekt

GILDI





# Hvað er verið að reikna?

## Mat á eignum og áætluðum skuldbindingum

**Áfallin staða**
- Núverandi eignir
- Skuldbindingar vegna þegar greiddra iðgjalda

+

**Framtíðarstaða**
- Iðgjöld virkra sjóðfélaga til 67 ára
- Skuldbindingar vegna framtíðar-iðgjalda

=

**Heildarstaða**

**Helstu forsendur**

- Árleg raunávöxtun 3,5%
- Sérhæfðar lífslíkur fyrir Gildi 2014-2018
- Sérhæfðar örorkulíkur fyrir Gildi 2011-2016
- Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur



# Tryggingafræðileg úttekt *(bls. 38 - 39)*

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2020. Áfallin staða er jákvæð um **61,4 milljarða kr. eða um 9,5%** og heildarstaða sjóðsins er jákvæð um **46,4 milljarða kr.** eða um **4,0%**. Heildarstaðan var **jákvæð um 3,7%** í árslok 2019.







# Tryggingafræðileg staða *(bls. 38 - 39)*





# Tryggingafræðileg úttekt - nýjar lífslíkur



- Tryggingafræðilegt staða sjóðsins hefur styrkst mjög vegna góðrar ávöxtunar á árunum 2019 og 2020.
- Miklar breytingar verða á stöðu sjóðsins þegar spá um lækkun á dánartíðni á komandi áratugum verður tekin með í nýjar eftirlifendatöflur sem væntanlega taka gildi við næstu úttekt.
- Skuldbindingar lífeyrissjóða munu aukast verulega.
- Líklegt er að þeirri stöðu verði mætt með hækkun ellilífeyristökualdurs og að sú breyting muni gerast á löngum tíma.

# Fjárfestingarstefna

GILDI



# Fjárfestingarstefna *(bls. 37 - 38)*

Fjárfestingarstefna Gildis er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til áhættu.

Í lok nóvember 2020 setti stjórn Gildis nýja fjárfestingarstefnu fyrir samtryggingardeild og séreignaleiðir sjóðsins fyrir árið 2021. Þar var lagt upp með að auka við vægi hlutabréfa en draga að sama skapi úr vægi skuldabréfa.

Aukin áhersla er lögð á erlend hlutabréf í stefnunni en einnig er lítillega bætt við vigt innlendra hlutabréfa.

Stefnt er að því að draga úr vægi skuldabréfa með ábyrgð ríkisins og erlendra skuldabréfa en leggja aukna áherslu á veðskuldabréf, skuldabréfa fyrirtækja og skuldabréfa banka og sparisjóða.



# Fjárfestingarstefna *(bls. 37 - 38)*

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) 31.12.2020 | Eignir (%) 31.12.2020 | Stefna 2021 | Heimiluð vikmörk | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Lágmark | Hámark |
| **Innlán** | **29.439** | **3,9%** | **0,5%** | **0,0%** | **10,0%** |
| **Skuldabréf (alls)** | **348.325** | **46,2%** | **48,5%** | **35,0%** | **65,0%** |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 149.721 | 19,9% | 17,5% | 12,0% | 27,0% |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 50.285 | 6,7% | 7,0% | 3,0% | 11,0% |
| Veðskuldabréf | 61.191 | 8,1% | 11,0% | 2,0% | 16,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 14.491 | 1,9% | 2,0% | 0,0% | 5,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 39.326 | 5,2% | 8,0% | 2,0% | 14,0% |
| Erlendir skammtímasjóðir | 989 | 0,1% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Erlend skuldabréf | 32.322 | 4,3% | 3,0% | 1,0% | 12,0% |
| **Hlutabréf (alls)** | **373.123** | **49,5%** | **50,0%** | **35,0%** | **60,0%** |
| Innlend hlutabréf | 151.057 | 20,0% | 19,0% | 10,0% | 26,0% |
| Erlend hlutabréf | 222.066 | 29,5% | 31,0% | 18,0% | 38,0% |
| **Aðrar fjárfestingar (alls)** | **2.517** | **0,3%** | **1,0%** | **0,0%** | **4,0%** |
| **Samtals** | **753.404** | **100%** | **100%** | | |

# Hluthafastefna

GILDI



# Hluthafastefna Gildis

- Núgildandi hluthafastefna sjóðsins var samþykkt 18. október 2018. Markmið breytinga var að uppfæra stefnuna til samræmis við framkvæmd undanfarin misseri.

- Stefnan gildir um fjárfestingar í skráðum félögum sem sjóðurinn á verulegan eignarhlut í.

- Hluthafastefna sjóðsins markar stefnu hans sem eiganda í þeim félögum sem hann á verulegan eignarhlut í. Hún ásamt stefnu um ábyrgar fjárfestingar setur fram áherslur sjóðsins með tilliti til stjórnarhátta, umhverfismála og félagslegra málefna.

- Markmið stefnunnar er m.a. að koma á framfæri áherslum Gildis sem hluthafa og að veita fyrirsjáanleika um það hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á hluthafafundum.



# Hluthafastefna Gildis

- Gildi leggur áherslu á að þau félög sem hann fjárfestir í fylgi lögboðnum og góðum stjórnarháttum.
- Gildi leggur áherslu á góða upplýsingagjöf stjórnenda félaga til hluthafa.
- Gildi yfirfer stjórnarhætti félaga og beitir sér fyrir breytingum ef ástæða er talin til.
- Gildi leggur áherslu á gagnkvæm samskipti vegna stjórnarhátta við yfirstjórnir félaga í þeim tilgangi að bæta ákvarðanatöku.
- Í samskiptum Gildis-lífeyrissjóðs er ávallt gætt að ákvæðum laga um innherjaupplýsingar og reglum samkeppnislaga, sem og meginreglum laga um trúnaðarskyldu stjórnar við félag, starfsmenn, viðskiptamenn eða aðra, og jafnræði hluthafa.





# Kosning í stjórnir

- Gildi hvetur vel hæfa einstaklinga til framboðs í stjórnir félaga þegar við á.
- Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins eru ekki studdir til stjórnarsetu í skráðum félögum og eiginlegum rekstrarfélögum, sbr. ákvæði í samþykktum sjóðsins.
- Gildi styður að komið sé á fót tilnefningarnefndum í samræmi við Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti.
- Sérstök valnefnd er starfandi innan sjóðsins sem ákvarðar hvernig farið er með atkvæðisrétt við kosningu stjórnar.
- Hægt að gefa kost á sér til stjórnarsetu á heimasíðu sjóðsins.



# Samkeppnismál

- Gildi hvetur til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum.
- Eignarhald sjóðsins á verulegum eignarhlut í fyrirtækjum sem starfa á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu.
- Gildi tekur ekki þátt í samhæfingu milli keppinauta eða að trúnaðarupplýsingar berist á milli þeirra.
- Áhersla er lögð á sjálfstæði stjórnarmanna í störfum sínum og að þeir gæti að sjálfstæði og hagsmunum viðkomandi félags.



# Starfskjarastefnur

- Gildi leggur áherslu á að starfskjastefnur séu skýrar, skiljanlegar, samræmist langtímahagsmunum og sjálfbærni félaga og feli jafnframt í sér ákvæði sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- Gildi leggur áherslu á að ávallt liggi fyrir greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum æðstu stjórnenda.
- Telji Gildi að starfskjarastefna félags sé ekki í samræmi við lögboðna og góða stjórnarhætti kemur sjóðurinn þeim sjónarmiðum á framfæri.
- Gildi leggur áherslu á að skýrslur um framkvæmd starfskjarastefnu séu skriflegar, skýrar og skiljanlegar og innihaldi greinargott yfirlit yfir framkvæmd starfskjastefnu næstliðið ár.
- Telji Gildi að skýrsla um starfskjarastefnu sé ekki í samræmi við lögboðna og góða stjórnarhætti kemur sjóðurinn þeim sjónarmiðum á framfæri.



# Gegnsæi og aukin virkni hluthafa

- Gildi hefur síðastliðin 6 ár birt á heimasíðu sinni hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á hluthafafundum skráðra félaga.
- Hluthafavettvangurinn er að verða virkari og skilningur er almennt á þeirri þróun meðal hagsmunaaðila.
- Aukin áhersla er á ábyrgar fjárfestingar, virkni hluthafa og gegnsæi.
- Gildi hefur almennt átt gott samstarf við stjórnir félaga og aðra hluthafa í þessum efnum.
- Gildi hefur verið leiðandi í hópi hluthafa skráðra félaga að beita sér fyrir bættum stjórnarháttum.





# Dæmi um það hvernig sjóðurinn beitti sér á árinu 2021:

- Greiddi atkvæði á aðalfundi Össurar gegn tillögu um opna heimild til stjórnar til þess að hækka hlutafé félagsins.
- Greiddi atkvæði gegn starfskjarastefnu á aðalfundi Símans með ákalli um endurskoðun í átt að auknum skýrleika stefnunnar.
- Greiddi atkvæði gegn starfskjarastefnu á aðalfundi Arion banka á grundvelli þess að stjórn bankans hafi ekki rökstutt með fullnægjandi hætti þörfina og tilgang þess að nýta heimild til þess að koma á fót árangurstengdu launakerfi, aukningu kauprétta og áskriftar-réttindum.
- Greiddi atkvæði á aðalfundi Marel gegn tillögu um opna heimild til þess að kaupa eigin hlutabréf.

# Tillögur til breytinga á samþykktum

GILDI





# Tillögur til breytinga á gr. 16.2. og 3.1.

## Núgildandi gr. 16.2.:

- Af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. 9.1. og 10.4., skal hann endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

## Tillaga að nýrri gr. 16.2.:

- Iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára skulu lögð inn í séreignardeild sjóðsins í nafni sjóðfélaga í þá fjárfestingarleið sem ber minnstu áhættu hjá sjóðnum á hverjum tíma, nema sjóðfélagi ákveði annað. Skal þá leggja inn bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki óskað eftir endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.

## Tillaga að breyttri gr. 3.1. (yfirstrikaður texti fellur út):

- Aðild að lífeyrissjóðnum eiga allir þeir launamenn, sem ~~náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan, og~~ byggja ráðningarbundin starfskjör á kjarasamningum þeirra stéttarfélaga og sambanda sem eiga aðild að sjóðnum eða starfa í starfsgreinum þar sem kjarasamningar aðildarfélaganna eru ákvarðandi um lágmarkskjör, enda sé aðild þeirra ekki á annan veg ákveðin í kjarasamningi einstaks aðildarfélags hlutaðeigandi samtaka. Sjóðfélagar eru þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjöld til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi.







# Tillögur til breytinga á gr. 4.1. og 4.2.

- **4.1.** Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt tveimur varamönnum og fjórir staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins. Tilnefningaraðili skal tilkynna stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun um afturköllun umboðs með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir eða reglur. Afturkalli tilnefningaraðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúaráð þess aðila staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi. Tilnefningaraðilar eru Samtök atvinnulífsins annars vegar og tilnefningarnefnd launamanna hins vegar, sbr. gr. 5.5. í samþykktum sjóðsins.
- **4.2.** Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa gott orðspor ~~óflekkað mannorð~~ og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu fimm árum, í tengslum við atvinnurekstur, hafa fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.

# Starfskjarastefna

GILDI





# Gildissvið og markmið

- Starfskjarastefnan tekur til starfskjara stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna og annarra starfsmanna sjóðsins.
- Markmið með starfskjarastefnunni er að styðja við góða stjórnarhætti í rekstri sjóðsins og er ætlað að treysta langtímahagsmuni sjóðfélaga, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gegnsæjum hætti.
- Það er stefna sjóðsins að bjóða stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum sjóðsins samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi þannig að starfskjör séu hvetjandi, styðji við rekstrar- og þjónustumarkmið sjóðsins og að eðlilegt samræmi sé í launasetningu sjóðsins.
- Sjóðurinn hlaut jafnlaunavottun í desember 2019. Með því var staðfestur vilji sjóðsins til að gæta að jafnréttis- og jafnlaunasjónarmiðum við ákvörðun launa og starfskjara.




# Starfskjör stjórnarmanna

- Ársfundur sjóðsins skal skipa starfskjaranefnd sem leggur fram tillögu um laun stjórnar fyrir ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn sjóðsins tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund Gildis.

# Skaðleysi stjórnar og starfsmanna

- Sjóðurinn skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra lykilstarfsmenn sjóðsins, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra í þágu sjóðsins. Sjóðurinn skal tryggja að þeim sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að verða gerðar eða á þá kunna að falla vegna starfa þeirra fyrir sjóðinn að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir saknæma háttsemi hlutaðeigandi sem metin er honum sem ásetningur eða stórfellt gáleysi.





# Upplýsingagjöf

- Ársreikningur sjóðsins skal tiltaka starfskjör stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og þeirra lykilstarfsmanna sem falla undir ákvæði reglugerðar um ársreikninga lífeyrissjóða á hverjum tíma.

# Staðfesting starfskjarastefnu

- Starfskjarastefna skal staðfest á ársfundi sjóðsins.
- Ef vikið er frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn sjóðsins færa slík frávik til bókar í fundargerðarbók ásamt rökstuðningi. Gera skal grein fyrir slíkum frávikum á næsta ársfundi sjóðsins.

# Kosning/skipan stjórnar

GILDI





# Kosning / skipan stjórnar

**Tillaga tilnefningarnefndar stéttarfélaga um fulltrúa í stjórn til tveggja ára, til ársfundar 2023:**

Aðalmenn: **Margrét Valdimarsdóttir**
**Stefán Ólafsson**

Varamaður: **Ingibjörg Ólafsdóttir**





# Kosning / skipan stjórnar

**Skipun Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í stjórn til tveggja ára, til ársfundar 2023:**

Aðalmenn: **Freyja Önundardóttir**
**Gylfi Gíslason**

Varamaður: **Inga Jóna Friðgeirsdóttir**

# Ákvörðun launa stjórnarmanna

## - tillaga launanefndar

GILDI



# Laun stjórnarmanna

**Tillaga launanefndar um laun stjórnar:**

- mánaðarlaun **aðalmanns** verði kr. **134.956**
- mánaðarlaun **formanns** verði tvöföld eða kr. **269.912**
- mánaðarlaun **varaformanns** verði kr. **202.434**.

Stjórnarlaun miðast við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir eru fleiri skal greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund.

Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 134.956, fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns.

*Hækkunin nemur kr. 6.000 á laun almenns stjórnarmanns og tekur mið af almennri launaþróun og lífskjarasamningum.*

# Kosning nefndar um laun stjórnarmanna

GILDI



# Tillaga um fulltrúa í launanefnd

**Tillaga um fulltrúa launamanna:**

- Gundega Jaunlinina
- Trausti Ingólfsson

**Tillaga um fulltrúa atvinnurekenda:**

- Davíð Þorláksson

Nefndin er fjögurra manna, þrír eru kosnir á ársfundi, en auk kjörinna fulltrúa á stjórnarformaður sæti í nefndinni.

# Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis

GILDI



# Kjör endurskoðanda

Ársfundurinn samþykkir að endurskoðandi sjóðsins verði:

**Deloitte ehf.**
**Smáratorgi 3, Kópavogi.**

# Önnur mál

GILDI



# Tillaga Arnar Pálssonar til ályktunar

*„Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs 2021 ályktar að fela stjórn sjóðsins að leita leiða til að lækka kostnað vegna umsýsluþóknana við erlendar fjárfestingar. Skal í því sambandi hefja viðræður við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð verslunarmanna og Birtu lífeyrissjóð um stofnun stýrihóps um erlendar fjárfestingar. Hlutverk hans yrði að móta sameiginlega stefnu um erlendar fjárfestingar og hafa umsjón með þeim að öllu leyti.“*

<u>Greinargerð:</u>
Fjárfestingar erlendis eru gríðarlega áhættusamar. Tillögunni er ætlað að sameina þekkingu og krafta sjóðanna við erlendar fjárfestingar. Þá er henni einnig ætlað að draga úr umsýslukostnaði vegna þeirra sem nema milljörðum á ári hverju. Má í því sambandi nefna að Gildi greiddi á árinu 2019 1,3 milljarða í umsýsluþóknun vegna erlendra fjárfestinga. Upphæðin er um 40% hærri en sem nam rekstrarkostnaði sjóðsins það árið.

Það er sameiginlegt hlutverk lífeyrissjóða að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Af þeim sökum fæst ekki séð að tillagan rekist að neinu leyti á ákvæði samkeppnislaga.





*Takk fyrir*

GILDI